

Klínískar leiðbeiningar Aphasia United

um þjónustu við fólk með málstol

- Þessar leiðbeiningar veita upplýsingar um **meðferð við málstoli og hvernig henni ætti að vera háttað**. Þær geta reynst **gagnlegar** fyrir fólk með málstol og aðstandendur þess.
- Aphasia United eru **alþjóðleg samtök um málstol**.
- Í þessum leiðbeiningum eru tekin saman **tíu atriði** sem eru mikilvæg fyrir **greiningu og meðferð fólks með málstol, aðstandendur og umönnunaraðila**.
- Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar **heilbrigðisstarfsfólki** um allan heim.

Hvert atriði fær einkunn:

A Mjög sterkur rannsóknarstuðningur

B Sterkur rannsóknarstuðningur


C Einhver rannsóknarstuðningur

D Lítil rannsóknarstuðningur

GKG Góður klíniskur grunnur: **ekki mikið rannsakað** en almennt **samþykkt af fagfólki**.

Mat og greining

- 1 Skima ætti allt fólk fyrir máltruflun sem greinist með **heilablóðfall** eða **hrörnunarsjúkdóm í heila**. Skimun felur í sér **stutt próf** sem gefur til kynna ef einhver máltruflun er til staðar. C



- 2 Ef skimun gefur vísbendingu um **máltruflun** ætti talmeinafræðingur að meta málgetu viðkomandi. Slíkt mat ætti að segja til um **hvers eðlis máltruflunin er**, **hversu alvarleg og hvaða áhrif** hún hefur á líf viðkomandi. B




Meðferð

- 3 Fólk með málstol ætti að fá **upplýsingar** um málstol, heilablóðfall og meðferðarleiðir **á meðan meðferð** stendur. A



- 4 Aldrei ætti að útskrifa fólk með málstol án fræðslu, ráðlegginga, samskiptatækja og/eða uppbótaraðferða sem viðkomandi getur nýtt til að tjá þarfir sínar og óskir **nema fyrir liggi staðfestar upplýsingar um hvar, hvenær og hvernig** viðkomandi fær þessa þjónustu. GKG



Óhefðbundin tjáskiptatæki



Samskiptabók

- 5 Fólki með málstol ætti að bjóðast meðferð við hæfi í eins langan tíma og þörf er á. A

Fólki með málstol ætti að bjóðast meðferð sem er:

- einstaklingsmiðuð - val á meðferðarleið ætti að velta á þörfum hvers og eins og tegund málstols.
- áköf - meðferð ætti að eiga sér stað í lengri og þéttari þjálfunartímum yfir ákveðið tímabil.



- útfærð þannig að hún sé þýðingarmikil fyrir samskipti og daglegt líf fólksins.



- undir stjórn talmeinafræðings.

Stuðningur fyrir fjölskyldu og umönnunaraðila

- 6 Viðmælendapjálfun ætti að vera í boði til að bæta samskipti við fólk með málstol. A




- 7 Aðstandendur fólks með málstol ættu að vera upplýstir um endurhæfingarferlið. Þeir eiga að fá fræðslu og stuðning tengd orsökum og afleiðingum málstols og fá þjálfun í samskiptum við fólk með málstol. A



Fólk með málstol - úti í samfélaginu

- 8 Þjónusta við fólk með málstol ætti að **taka tillit til menningar og þarfa** hvers og eins. Viðkomandi ætti að upplifa að tekið sé tillit til **óska hans** og **aðstæðna** í meðferðinni. **GKG**



- 9 Heilbrigðisstarfsfólk og aðrir sem eiga í samskiptum við fólk með málstol ættu að fá **fræðslu og þjálfun í samskiptastuðningi**. **C**





*Þessar upplýsingar eru fengnar frá Aphasia United í einfaldaðri útgáfu Caitlin Brandenburg.
Myndir fengnar frá pixabay.com og shutterstock.com*